

Skipulagsstofnun
b.t. Jóns Þóris Þorvaldssonar
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Akureyri, 21. janúar 2021
UST202101-248/Í.M.J.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – matsskyldufyrirspurn – breyting eldissvæða Arnarlax ehf. í Arnarfirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst þann 18. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um það hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Arnarlax ehf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) áformar að sækja um breytingu á skilyrðum starfsleyfa sjókvíaeldis fyrirtækisins í Arnarfirði þar sem gildandi starfs- og rekstrarleyfi eru sameinuð og eldissvæði endurskoðuð.

Fyrirtækið hefur nú tvö starfsleyfi fyrir kynslóðaskipt eldi á laxi í Arnarfirði. Annars vegar leyfi fyrir 10.000 tonna hámarkslífmassa á þremur sjókvíaeldissvæðum hver með tveimur eldissvæðum. Hins vegar hefur fyrirtækið tekið yfir starfsleyfi sem gildi áður fyrir fyrirtækið Fjarðalax ehf. fyrir sjókvíaeldi á laxi að hámarki 3.000 tonna lífmassa á einu eldissvæði í Fossfirði. Samkvæmt starfsleyfinu í Fossfirði er leyfileg framleiðsla 3.000 tonn á ári en að hámarki 4.500 tonn á þriggja ára tímabili. Vegna nálægðar eldissvæðisins við Fossfjörð við eldissvæði sem tilheyrir sjókvíaeldissvæði A í hinu starfsleyfinu (Haganes og Steinarsnes) hefur útsetning seiða og hvíld eldissvæða verið samræmd milli svæðanna. Fram kemur í tilkynningarskýrslu að seiði hafi verið sett út í Fossfjörð síðasta sumar.

Fyrirhuguð breyting felur í sér að starfsleyfi fyrirtækisins verði sameinuð auk þess sem eldissvæði fyrirtækisins í Fossfirði verði aflagt og svæðum við Haganes, Steinarsnes og Hringisdal hliðrað og þau stækkuð. Rekstraraðili fyrirhugar að flytja fisk úr Fossfirði í eldissvæðið við Haganes næsta sumar. Fram kemur að með breytingunni muni súrefnisflæði við kvíar batna auk þess sem auðveldara verði að færa til kvíar innan svæða ef bregðast þarf við neikvæðum áhrifum á vistkerfi og vatnsgæði umhverfis kvíarnar.

Rekstraraðili tilkynnti Skipulagsstofnun í desember 2017 um fyrirhugaða 4.500 tonna framleiðsluaukningu í Arnarfirði innan núverandi eldissvæða og var aukningin úrskurðuð matsskyld. Ekki er minnst á þessa aukningu í tilkynningarskýrslu en fram kemur að fyrirtækið Arctic Sea Farm ehf. fyrirhugar að koma upp 4.000 tonna eldi í Arnarfirði. Í

umsögn Umhverfisstofnunar um matsskyldu 4.500 tonna framleiðsluaukningar rekstraraðila dags. 15. janúar 2018 var vakin athygli á því að samanlögð áform um sjókvíaelði í Arnarfirði hljóða upp á samtals 21.500 tonna lífmassa sem er umfram 20.000 tonna burðarþol Hafrannsóknarstofnunar fyrir fjórðinn.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Að mati Umhverfisstofnunar eru helstu umhverfisáhrif starfseminnar uppsöfnun lífrænna efna á sjávarbotni undir og við kvíar eldisins.

Fram kemur í greinargerð að með breytingunni muni eldisáætlun og fóðurmagn haldast óbreytt. Auk þess kemur fram að hámarkslífmassi eldissvæðisins við Haganes haldist með breytingunni innan við 7.000 tonn sem eru þau mörk sem Hafrannsóknarstofnun lagði til fyrir eldissvæðið í burðarþolsmati fjarðarins. Dýpi undir þeim eldissvæðum sem taka breytingum mun aukast og verður meira en 75 metrar á stærri hluta þeirra eftir breytinguna. Umhverfisstofnun telur að með breytingunni kunni uppsöfnun lífrænna efna í djúplagi fjarðarins að aukast en telur að með nægri hvíld eldissvæða byggðri á niðurstöðum vöktunar í rauntíma verði áhrifin afturkræf. Stofnunin bendir á að í starfsleyfi fyrir starfseminni er ákvæði þess efnis að Umhverfisstofnun geti einhliða frestað útsetningu seiða, bendi niðurstöður vöktunar til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á eldissvæði að mati stofnunarinnar. Stofnunin bendir einnig á að rekstraraðili þarf að uppfæra vöktunaráætlun vegna eldisins m.t.t. breytinganna.

Umhverfisstofnun bendir á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og að það vatnshlot sem starfsemin fer fram hefur vatnshlotanúmerið 101-1384-C og nefnist Arnarfjörður. Meðal annarra skráðra álagspátta á vatnshlotið er skólpfráveita þéttbýlis Bíldudals og kalkþörungavinnsla í Arnarfirði. Samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Ef vatnshlot samræmast ekki umhverfismarkmiðum þá skal grípa til aðgerða til þess að ná betra ástandi skv. lögum um stjórn vatnamála.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur áhrif ofangreindrar framkvæmdar á umhverfi liggja ljós fyrir og að ferli umhverfismats sé í þessu tilfelli ekki til þess fallið að varpa skýrari mynd á áhrif starfseminnar á umhverfið.

Með tilliti til umfangs, eðlis og staðsetningar framkvæmdar, að því gefnu að starfsemin muni uppfylla þau skilyrði sem sett verða í breyttu starfsleyfi og sé byggð á bestu aðgengilegri tækni telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að hún hafi í för með sér aukin umhverfisáhrif umfram það sem lýst var í upphaflegu umhverfismati og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt

Ísak Már Jóhannesson
sérfræðingur

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur